

18. maí 1987

373

Nr. 199

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum út af Hvalbak.

1. gr.

Frá og með 19. maí 1987 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af eftirgreindum punktum:

1. 64°46'59.7 N — 12°43'39.9 V
2. 64°45'06.4 N — 12°15'01.7 V
3. 64°22'45.2 N — 12°39'14.9 V
4. 64°21'04.1 N — 12°49'19.4 V
5. 64°35'17.6 N — 12°55'49.0 V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 19. maí 1987 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 84 12. mars 1987, um bann við togveiðum austur af Hvalbak ásamt reglugerð nr. 195 14. maí 1987.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. maí 1987.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.

6. maí 1987

Nr. 200

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um takmörkun leigubifreiða á félagssvæði
Bifreiðastjórafélagsins Fylkis nr. 356 11. september 1985.

1. gr.

1. gr. orðist þannig:

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Bifreiðastjórafélagsins Fylkis sem er félag á svæði Keflavíkur, Njarðvíkur, Hafnahrepps, Miðneshrepps, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps.

2. gr.

13. gr. orðist þannig:

Ef leyfishafi rekur bifreið, sem hann á ekki sjálfur hefur hann fyrirgert atvinnuleyfi sínu. Þó er honum heimil slík útgerð um takmarkaðan tíma ef hans eigin bifreið er í viðgerð eða hann er að bíða eftir afhendingu annarrar bifreiðar, þó ekki lengur en í 6 mánuði.

Prátt fyrir ákvæði 8. gr. 1. mgr. og 1. mgr. þessarar greinar er leyfishöfum heimilt að nota við leiguakstur bifreiðar, sem þeir hafa umráð yfir samkvæmt fjármögnunar- eða kaupleigusamningum við viðurkennd fjármálafyrirtæki. Gjaldþrotamönnum er slíkt þó ekki heimilt.

3. gr.

14. gr. orðist þannig:

Leyfishafa, sem missir tilskilin réttindi til aksturs allt að 8 farþega leigubifreið til mannflutninga gegn gjaldtöku, er heimilt að láta annan mann annast störf sín meðan réttindamissir varir, þó ekki lengur en í eitt ár í hverju tilviki. Noti hann sér ekki þessa heimild leggst leyfi hans inn meðan á réttindamissinum stendur og fær leyfishafi atvinnuleyfi aftur jafnskjótt og hann öðlast ökuréttindi sín að nýju.

Ef atvinnuleyfishafi er sannanlega ófær um að stunda akstur leigubifreiðar af heilsufarsástæðum, en þó fær um að stunda aðra vinnu, er honum heimilt að gera út bifreið sína, þó ekki lengur en í eitt ár, ef hann ræður sig til annarra starfa. Umsókn um slíka undanþágu skal studd með vottorði viðurkennds sérfræðings (læknis) í viðkomandi sjúkdómi.

Brjótí leyfishafi eitthvað það af sér að dómi bifreiðastöðvarstjóra, að beri að synja honum um afgreiðslu um stundarsakir, er viðkomandi bifreiðastöðvarstjóra heimilt að synja um afgreiðslu í allt að 5 sólarhringa í fyrsta skipti, en allt að 10 sólarhringa í annað skipti. Skulu slíkar synjanir og tilefni þeirra skráðar hjá viðkomandi bifreiðastöð og tilkynntar umsjórnarnefnd jafnóðum.

4. gr.

C liður 15. gr. orðist þannig:

Purfi leyfishafi á endurhæfingu að halda að undangengnum veikindum skal honum sjálfum heimilt að aka að hluta til og getur hann þá valið um tvo kosti. Annars vegar að aka aðeins sem svarar 4 klst. á sólarhring, en hafa að öðru leyti ökumann, sem ekki hefur atvinnuleyfi. Hins vegar að aka aðeins sem svarar 8 klst. á sólarhring mánudaga til föstudaga á tímabilinu frá kl. 08:00 til 17:00 en hafa ökumann, sem heimilt er að aka á tímabilinu frá kl. 20:00 á föstudagskvöldi til kl. 08:00 á sunnudagsmorgni hverja helgi.

Undanþágubeiðni samkvæmt þessum lið skal studd vottorði læknis.

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36, 9. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 6. maí 1987.

Matthías Bjarnason.

Sigurður Skúli Bergsson.